

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Borgarbyggð.

Ytri-Skeljabrekka, nýtt deiliskipulag.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti nýtt deiliskipulag fyrir Ytri-Skeljabrekku, á fundi sínum 8. apríl 2021. Deiliskipulagið tekur til frístundabyggðar og íbúðarbyggðar í landi Ytri-Skeljabrekku. Svæðið er að miklu leyti þegar byggt. Eldra deiliskipulag er frá árinu 1990. Deiliskipulag frístunda-byggðar í landi Ytri-Skeljabrekku (1. áfangi), fellur úr gildi við gildistöku þess nýja.

Málsmeðferð var skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Steðji, nýtt deiliskipulag.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti nýtt deiliskipulag fyrir Steðja, á fundi sínum 12. maí 2021. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir frístundahúsum fyrir ferðamenn í landi Steðja.

Málsmeðferð var skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Engjaás í Munaðarnesi, nýtt deiliskipulag.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti nýtt deiliskipulag fyrir Engjaás í Munaðarnesi, á fundi sínum 12. maí 2021. Í deiliskipulaginu eru skilgreindar lóðir fyrir frístundahús og aðkoma að þeim með það m.a. að markmiði að landnýting sé eins hagkvæm og kostur er.

Málsmeðferð var skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Þórdísarbyggð 31, breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Borgarbyggðar, á fundi sínum 10. júní 2021, breytingu á deiliskipulagi fyrir Stangarholt vegna lóðarinnar nr. 31 við Þórdísarbyggð. Í breytingunni felst að byggingarreitur er færður til innan lóðar vegna jarðgerðar á svæðinu og minniháttar breyting er gerð á hámarksstærð húss. Skipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Miðháls 5, breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Borgarbyggðar, á fundi sínum 12. maí 2021, breytingu á deiliskipulagi fyrir sumarhúshverfi í landi Ánabrekku, vegna lóðarinnar nr. 5 við Miðháls. Í breytingunni felst að minniháttar breyting er gerð á hámarksstærð hússins og breyting er gerð á skilgreiningu á stærð húss úr rúmmetrum í fermetra. Skipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Birkihlíð 6-8, breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Borgarbyggðar, á fundi sínum 12. maí 2021, breytingu á deiliskipulagi íbúðarbyggðar að Varmalandi vegna lóðar nr. 6-8 við Birkihlíð. Í breytingunni felst að lóðirnar eru sameinaðar og fær sameinuð lóð númer 6 við Birkihlíð.

Skipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Húsafell III, breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Borgarbyggðar, á fundi sínum 10. júní 2021, breytingu á deiliskipulagi fyrir frístundabyggð í Húsafelli III. Í breytingunni felst að breyting er gerð á lóðamörkum og byggingarreitum vegna legu lands og til samræmingar. Einnig er

gerð breyting er tekur til aukahúsa og heimiluð eru tvílyft hús á nokkrum lóðum. Engin uppbygging hefur verði á svæðinu frá gildistöku deiliskipulagsins. Skipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Borgarbyggð, 15. júní 2021.

Drífa Gústafsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 2. júlí 2021